

REGLUR

um breytingu (14) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Þriðja málsgrein 8. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Rektor ræður starfslið háskólans, nema lög mæli fyrir um annað, og setur því erindisbréf eða starfslýsingar. Rektor tekur ákvörðun í málum sem varða sérstakt hæfi einstakra starfsmanna háskólans til þess að fara með tiltekið mál í sameiginlegri stjórnarsýslu háskólans, sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þegar um er að ræða að fundur í deild, skor eða stjórn háskólastofnunar undirbúi mál sem rektor á endanlegt ákvörðunarvald um, skal viðkomandi fundur taka afstöðu til þess hvort deildar-, skorar- eða stjórnarmaður viku sæti. Komi upp ágreiningur skal málinu skotið til rektors og efnislegri meðferð málsins frestað þar til úrskurður hans liggur fyrir. Í umboði rektors hafa framkvæmdastjórar stjórnarsýslu, einn eða fleiri, yfirumsjón og eftirlit með sameiginlegri stjórnarsýslu háskólans. Deildarforsetar hafa eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnarsýslu deilda.

2. gr.

Önnur málsgrein 42. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Formaður dómnefndar skal hafa verið metinn hæfur til að gegna sambærilegu starfi og dómnefnd fjallar um. Rektor er þó heimilt að víkja frá þessu hæfisskilyrði fyrir formann dómnefndar, ef sá sem skipaður er telst viðurkenndur sérfræðingur á sínu sviði, hefur lokið doktorsþrófi og augljóst má telja að hann uppfylli að öðru leyti þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til háskólakennara.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. nóvember 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.